

Egilsstöðum 13. apríl 2023
Frá Félagi skógarbænda á Austurlandi.

Matvælaráðuneytið Skrifstofa landbúnaðar

Efni: Umsögn til matvælaráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um Land og skóg, mál nr. 8/2023

Félag skógarbænda á Austurlandi (FsA) tók frumvarp til laga um land og skóg fyrir á stjórnarfundum 4. apríl 2023. Stjórnin getur fallist á að mögulega verði ákveðið hagræði af sameiningu þessara tveggja stofnana. Stjórn FsA telur ástæðu til að benda sérstaklega á stöðu nytjaskógræktar. Markmið nytjaskógræktar er að byggja upp auðlind á lögbýlum bænda með framleiðslu nytjaviðar. Þannig verður til ný atvinnugrein sem skapar tekjur og eflir búsetu í dreifbýlinu sem hvorutveggja eru lykilatriði í að halda landinu í byggð.

Þá tekur stjórn FsA undir bókun sveitarstjórnar Múlaþings um málið á fyrri stigum þ.e. áform um lagasetningu – breyting á lögum nr. 155/2018 um landgræðslu og lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt (sameining stofnana) sem birt var í samráðgátt í október sl. Þar er lögð áhersla á að höfuðstöðvar og stjórn skógræktar verði áfram á Austurlandi og þannig verði sameining stofnananna nýtt til að efla skógrækt sem atvinnugrein, en það er í raun eina grein landbúnaðar sem er sterk á Austurlandi.

Stjórn FsA vísa að öðru leiti til umsagnar félagsins dags. 1. nóvember sl., um málið á fyrri stigum þ.e. áform um lagasetningu – breyting á lögum nr. 155/2018 um landgræðslu og lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt (sameining stofnana) sem birt var í samráðgátt í október 2022. Að því sögðu eru fulltrúar frá félaginu reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um málefni nytjaskógræktar á lögbýlum.

F.h. Félags skógarbænda á Austurlandi

Marianna Jóhannsdóttir
formaður stjórnar FsA